

RADDIR TIL AÐGERÐA

Rammi fyrir þýðingarmikla þátttöku nemenda og fjölskyldna í ákvarðanatöku í menntamálum

ALVÖRU FRAMFARIR Í ÁTT AÐ SKÓLAKERFI FYRIR ALLA GETUR AÐEINS GERST ÞEGAR VIÐ ...



VIÐURKENNUM



HLUSTUM Á



SKILJUM



BREGÐUMST VIÐ

...ALLAR RADDIR

Nemendur og fjölskyldur hafa sjaldan áhrif á ákvarðanatökur í menntamálum sem hafa bein áhrif á líf þeirra, jafnvel þó að þau fái tækifæri til að deila áliti sínu í skólastofunum og samfélögum.

Raddir til aðgerða (Voices into Action - VIA) verkefnið rannsakar leiðir til að þróa þátttökumiðaða nálgun á ákvarðanatöku í menntamálum þar sem nemendur og fjölskyldur eru miðpunkturinn.

Það stingur upp á VIA ramma fyrir þýðingarmikla þátttöku í skóla fyrir alla, ígrundunartæki sem lýsir hagnýtum og siðferðilegum sjónarmiðum fyrir, á meðan og eftir þátttöku.

Hvað eru „raddir“?

Miðlun gilda, viðhorfa, skoðana og sjónarhorna nemenda og fjölskyldna þeirra.

Hvað er „þýðingarmikil þátttaka“?

Viðurkenning og innlimun radda nemenda og fjölskyldu sem **jafngildar** og **óaðskiljanlegar** umræðum á öllum kerfisstigum. Þetta felur í sér að tryggja **virkt umboð** og **sameiginlegt** vald til að koma hugmyndum af stað og hafa áhrif á ákvarðanir.

VIA ramminn fyrir þýðingarmikla þátttöku í skóla fyrir alla

VIA ramminn byggir á líkani af þátttöku barns sem þróað var af Laura Lundy (2007).¹ Hann beitir fjórum hugtökum líkansins ‘Rými’, ‘Rödd’, ‘Áheyrendur’ og ‘Áhrif’ á menntunarsamhengið og útvikkar það til að ná yfir fjölskyldur auk barna og ungmenna, að teknu tilliti til helstu siðferðissjónarmiða.

Stefnumótendur, skólastjórnendur, kennarar og aðrir hagsmunaaðilar í menntamálum geta notað VIA rammann til að:



Íhuga og bregðast við röddum allra í ákvarðanatöku, sérstaklega þeirra sem eru jaðarsettir eða viðkvæmir fyrir útskúfun



Þróa getu allra hagsmunaaðila (þekkingu, skilning og færni) til að hlusta og deila röddum sínum



Fella inn og viðhalda siðferðilegri nálgun á öllum stigum (þ.e. öryggi, aðgengi, varnarleysi, hlutdrægni og gagnsæi)



Halda uppi, meta og halda áfram að bæta þátttöku fyrir fjölbreytta hagsmunaaðila, þvert á mismunandi kerfi og samhengi


VIA ramminn

Skapaðu örugg og innifalin tækifæri til að mynda og tjá raddir

- Lágmarkaðu hlutdrægni í vali með því að tryggja að jaðarhópar séu með
- Nýttu þér tækni, kynslóðanálgun og samfélagsstarf frjálsra félagsamtaka
- Gefðu gaum að áhyggjum varðandi aðgengi, samþykki, öryggi, rétt til að tjá skoðun og rétt til upplýsinga

Auðveldaðu frjálsa tjáningu radda í þeim miðli sem valinn er

- Ræddu efni sem eru þroskandi, viðeigandi og gagnleg fyrir einstaklinginn/hópinn
- Veittu aðgengilegt undirbúningsefni og viðeigandi stuðning til að byggja upp getu til þátttöku
- Gefðu gaum að áhyggjum varðandi varnarleysi, persónuupplýsingar og réttinn til leiðbeiningar frá fullorðnum



Bregstu við röddunum

- Tryggðu skýrleika og gagnsæi um hvernig brugðist er við röddum og væntanleg áhrif
- Veittu viðeigandi endurgjöf til allra þátttakenda og taktu þá með í matsferlinu
- Gefðu gaum að hugsanlegri rangtúlkun radda og ófyrirséðum afleiðingum

Hlustaðu á raddirnar af ábyrgð

- Hvettu og mettu framlag kynslóða og fjölbreyttra sjónarhorna
- Fáðu aðgang að viðeigandi stuðningi og leiðum til að skilja og túlka sjónarmiðin sem sett eru fram
- Gefðu gaum að valdaójafnvægi og ómeðvitaðri hlutdrægni

Fáðu aðgang að VIA vefsvæðinu til að fræðast meira um verkefnið, rammann og VIA netverkfærakistuna, gagnvirkt úrræði sem býður upp á upplýsingar og dæmi um framkvæmd:

www.european-agency.org/activities/VIA

© European Agency for Special Needs and Inclusive Education 2022

¹ Lundy, L., 2007. “Voice” is not enough: conceptualising Article 12 of the United Nations Convention on the Rights of the Child’ *British Educational Research Journal*, 33 (6), 927–942. www.tandfonline.com/doi/abs/10.1080/01411920701657033